

Til Fjárlaganefndar Alþingis

Foreldrahús er 35 ára gamalt úrræði á þessu ári. Samtökin voru stofnuð formlega 20. september 1986 að viðstöddu fjölmenni, m.a. fyrrverandi forseta Íslands, frú Vigdísí Finnbogadóttur, en hún hefur frá upphafi verið verndari samtakanna. Um 10 þúsund félagsmenn skráðu sig í samtökin á fyrsta starfsárinu. Fram til aldamóta 2000 störfuðu nær einungis foreldrar sem sjálfbóðaliðar við jafningjastuðning fyrir foreldra. Um aldamótin byrjaði Ólöf Ásta Farestveit (núverandi forstjóri barna og fjölskyldustofu) með sjálfstyrkingarnámskeið fyrir unglunga í Foreldrahúsi, má segja að frá þeim tíma hafi fagfólk einungis sinnt verkefnum í starfsemi Foreldrahúss. Starfsemi Foreldrahúss hefur fylgt sama markmiðinu í öll þessi ár: Að styðja og efla foreldra sem eiga börn í vanda. Ásamt því að stuðla að viðhorfsbreytingu í samfélaginu gegn umburðarlyndi gagnvart unglingadrykkju og neyslu annarra vímuefna.

Í dag er Foreldrahús sjálfseignarstofnun í atvinnurekstri og er Foreldrahús jafnframt aðildarfélagi Almannaheilla skv. lögum nr. 110/2021. Fjármögnun starfsins í Foreldrahúsi hefur byggst á framlagi frá ríkissjóði og styrk frá Reykjavíkurborg og eigin fjáröflun.

Starfsemi Foreldrahúss skiptist í ráðgjöf, meðferð, námskeið og fræðslu. Áfengis- og vímuefnaráðgjöf, uppeldis- og sálfræðiráðgjöf, listmeðferð og fjölskyldumeðferð. Sjálfstyrkingarnámskeið fyrir börn og einnig fyrir foreldra, sem og námskeið fyrir foreldra unglunga sem eru í áhættuhegðun, fikti og neyslu. Fræðslan er ætluð fyrir foreldra og fagfólk.

Í Foreldrahúsi starfa sérfræðingar með áratuga reynslu af ráðgjöf fyrir foreldra og vinnu með börnum í tilfinningavanda, hegðunarvanda, áhættuhegðun og fikti og neyslu unglunga. Lagt er áherslu á heildræna vinnu með fjölskylduna.

Foreldrahús hefur sannað gildi sitt gegnum árin. Barnaverndir og velferðarþjónustur allra sveitafélaga á höfuðborgarsvæðinu og nágrennasveitafélaga Reykjavíkur hafa nýtt sér þjónustu Foreldrahúss og Velferðasvið Reykjavíkurborgar hefur haft samning við Foreldrahús í mörg ár.

Fagfólk Foreldrahúss lýsir yfir áhyggjur af tillögum að breytingum á lögum um ávana- og fikniefni, nr. 65/1974 (afglæpavæðing vörslu neysluskammta). Í tillögunum er frekar veikt kveðið á um afskipti lögreglu og vekur það ugg: „**að önnur lögmál kunna að gilda um afskipti lögreglu af ólögráða börnum en fullorðnum einstaklingum**“ og „**Það kann að vera rétt í sumum tilvikum fyrir lögreglu að grípa inn í neyslu ólögráða barns með það að markmiði að vernda barnið fyrir skaðlegum afleiðingum fikniefnaneyslu. Slikt inngríp getur þó aðeins komið af þeirri ástæðu að það sé barninu fyrir bestu – ekki eirfaldlega vegna þess að varsla fikniefna sé skilgreind sem óheimil.**“

Hvenær er það **ekki** barninu fyrir bestu að grípa inni þegar um vímuefni er að ræða? Á lögreglan að skilgreina og ákveða hagsmuni barnsins í aðstæðunum? Í tillögunum er kveðið á um að leyfilegt sé að hafa í fórum sínum 10 daga neysluskammta, við hvaða aldur er þá miðað?

Þess ber að geta að börn eru með óþroskaðan heila (heili manns telst fullþroskaður í kringum 25 ár) því hlýtur það alltaf að teljast hættulegt heilsu barna að neyta vímuefna. Óþroskuð börn geta þróað með sér fíknivanda á örfáum mánuðum.

Í tillögunum er kveðið á um refsistefnu stjórnvaldsins hvað varðar fullorðna, en hvað á að taka við þegar um börn er að ræða? Nú eru börn sakhæf 15 ára gömul. Hvaða skráningar eiga að fara fram og hjá hvaða stofnun þegar um 15 ára barn er að ræða? Hverjar verða afleiðingarnar fyrir barnið og forsjáraðilana eða úrlausnir?

Þegar kemur að börnum, stendur einnig eftirfarandi í tillögunum: „*Þegar um börn er að ræða er mikilvægt að gæta að ákveðnu öryggisþjónarmiði, þ.e. að yfirvöldum beri að koma í veg fyrir mögulegan skaða sem barn getur orðið fyrir vegna neyslu fíkniefna*“.

Þetta er skýr samhljómur við Foreldrahús sem er eina úrræðið fyrir ólöggráða einstaklinga og forsjáraðila þeirra, sem hefur sinnt þjónustu vegna vímuefnamisnotkunar barna í gegnum 35 ár.

Ísland er aðili að barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Í 3.gr. 3.mgr. stendur eftirfarandi: *“Aðildarríki skulu sjá til þess að stefnanir þar sem börnum skal veitt umönnun og vernd starfi í samræmi við reglur sem þar til bær s jónvöld hefa sett, einkum um öryggi, heilsuvernd...”*

Það þýðir að stjórnvaldið beri ábyrgð á að veita þjónustu í samræmi við þörf barna eða *“Aðildarríki skulu virða og tryggja hveiju barni innan lögsögu sinnar þau réttindi sem kveðið er á um í samningi þessum, án mismununar af nokkru tagi...”* Það þýðir að stjórnvaldinu beri að styrkja og styðja við starfsemi sem styðja við börn og forsjáraðila þeirra. Í nýjum lögum um samþættingu þjónustu í þágu barna 86/2021 kemur fram í 1.gr. að *„meginmarkmið laganna er að börn og foreldrar sem á þu fa að halda hefi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana“*.

Það er hindrun fyrir foreldra barna sem glíma við tilfinningavanda, hegðunarvanda, áhættuhegðun, fíkt og neyslu að ekki sé hægt að nýta sér þjónustu Foreldrahúss, vegna skorts á stuðningi stjórnvalda. Það stríðir gegn ákvæðum barnasáttmála sem og farsældarlögunum 86/2021.

Framtíðarsýn Foreldrahúss er skýr; á meðan vímuefni eru til á götum landsins, er þörf fyrir úrræði eins og Foreldrahús. Verkefni til framtíðar eru: að sinna áfram þjónustu við ólöggráða einstaklinga sem misnota áfengi- og önnur vímuefni, að þjónusta börn með tilfinninga og hegðunsvanda, að stórauka fræðslu fyrir foreldra og fagfólk, að taka á móti unglíngum sem hafa verið teknir af lögreglu vegna ofbeldis.

Mál sem rata inn til Foreldrahúss:

- Samskiptavandi í fjölskyldunni
- Samskiptavandi og hegðunarvandi
- Samskipta-og sjálfsmyndarvandi hjá strákum gagnvart stelpum
- Tilfinningavandi, t.d. kvíði og þunglyndi
- Sjálfskaði hjá stelpum
- Umgengnismál/sáttamiðlun fyrir foreldra
- Uppeldisvandi foreldra
- Áföll og áfallastreita
- Áfengis- og vímuefnavandi
- Tvíþættur vandi, geðrænn og vímuefnavandi
- Strákar/stelpur í ofbeldi
- Skólaforðun
- Eineltismál
- Samskiptavandi í fjölskyldum og áhættuhegðun án “fikts” (t.d. myndbirtingar á neti og hótanir)
- Netvandi (fíknihæðun og hliðarveruleiki)
- Unglingar af erlendum uppruna í tilvistarvanda (önnur kynslóð innflytjenda)

Til glöggvunar á komum í Foreldrahús sl. 3 ár:

Árið 2021 komu samtals: 3242

Árið 2020 komu samtals 2552

Árið 2019 komu samtals: 2410

Á móti hlutfalli ríkis af tekjum:

Hlutfall ríkis af tekjum Foreldrahúss:					
Ár	Tekjur	Ríkið	Rvk.	% ríki	% Rvk
2021	65.893.942	19.000.000	4.750.000	28,83%	7,21%
2020	40.273.195	20.000.000	4.000.000	49,66%	9,93%
2019	50.246.424	19.000.000	9.000.000	37,81%	17,91%

Það sem við þurfum til að geta sinnt hlutverki okkar:

	Mánuði	Ári
Laun 6 starfsmenn	6.000.000	72.000.000
Húsnæðiskostnaður	600.000	7.200.000
Almennur rekstrarkostnaður	600.000	7.200.000
Innheimtukostnaður	1.000.000	12.000.000
Samtals	8.200.000	98.400.000

Nýafstaðin Menningarnótt sýndi okkur að unglíngadrykkja er langt því frá hætt og líkamsárásir virðast vera að færast í aukana. Fréttir af stórum fíkniefnainnfluttningi styður okkar málfluttning og segir til um þörf fyrir starfsemi Foreldrahúss.

Það eru yfir 1000 börn sem bíða eftir þjónustu núna á ýmsum stöðum í kerfinu, margir af þeim ætúu heima í þjónustu hjá Foreldrahúsi í stað BUGL eða hjá heilsugæslunni. Það eru búnir að vera erfiðir tímar, Covid-19 hefur ekki farið vel með þá sem eru viðkvæmir. Það er vitað hver kostnaðurinn fyrir samfélagið verður seinna meir vegna óunnins vanda hjá börnum.

Börnin eiga að fá stuðning til að þroskast og þróast og þau eiga rétt á því að eiga merkingarbært líf og verða að nýtum þjóðfélagsþegnum.

Foreldrahús er hér og búið að vera í 35 ár og hefur gripið börn og foreldra þeirra þegar þau hafa orðið fyrir tilfinningalegum skakkaföllum og áföllum og ánetjast vímuefnum og stutt þau á rétta braut í lífinu.

En til að gera góða hluti þarf góðan stuðning. Við óskum þess að stjórnvaldið komi til móts við Foreldrahús og komi því á fjárlög eins fljótt og hægt er. Það eru börn sem bíða og þau þola ekki bið.

Í von um skjót viðbrög fyrir framtíðana okkar.